

Nd.

536. Frumvarp til laga

[158. mál]

um Akademiú Íslands.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

Stofna skal Akademiú Íslands. Í henni skulu eiga sæti tólf íslenskir rithöfundar, fræðimenn og vísindamenn, búsettir á Íslandi.

2. gr.

Til Akademiunnar skal svo stofnað, að forseti Íslands velur sex fyrstu félagana og skipar jafnframt einn þeirra fyrsta forseta hennar, en þessir sex félagar kjósa síðan þá sex, sem á vantar, til þess að Akademían sé fullskipuð.

3. gr.

Aðalhlutverk Akademiunnar skal vera að hafa forustu um allt það, sem varðar rækt við íslenska tungu, stuðlað getur að því að varðveita stofn hennar lifandi og óspilltan og auðga hana, eftir því sem þarfir krefja, í samræmi við erfðir hennar og eðli. Akademían skal einnig að öðru leyti láta viðgang og þroska íslenskra mennta og menningar til sín taka, eftir því sem ástæður leyfa. Akademían getur meðal annars, þegar svo um semur, tekið að sér umsjá og ráðstöfun sjóða og annars fjár, sem varið er til menningarþarfa.

4. gr.

Hver sá, sem kjörinn er félagi í Akademiunni, skal eiga þar sæti, þangað til hann er fullra sjötíu og fimm ára að aldri, nema hann flytji búferlum úr landi. Þó getur Akademían sjálf vikið burt hverjum þeim féлага, sem gert hefur sig sekan um glæp eða annan ósæmilegan verknað. Brottvikning er ekki gild, nema níu félagar greiði henni atkvæði og málið sé rætt á fundi, sem boðað hefur verið til á venjulegan hátt, að tilgreindu fundarefni.

5. gr.

Nú verður sæti laust í Akademiunni, og skal þá nýr félagi kosinn að þrjátíu dögum liðnum. Þegar nýr félagi er kosinn, skulu að minnsta kosti níu félagar greiða

atkvæði, og er kosning því aðeins gild, að átta greiði jákvæði. Þeir félagar, sem veikir eru eða fjarverandi, þegar kjör fer fram, geta sent atkvæði sitt í innsigliðu bréfi, er opnað sé, um leið og atkvæðagreiðsla fer fram. Enginn félagi má láta uppi álit sitt um væntanlegt kjör né gefa loforð um atkvæði sitt áður en kosning fer fram. Tilkynna skal forseta Íslands um kosningu nýrra félaga.

6. gr.

Við ákvörðun annarra mála, er varða starfsemi Akademiunnar, skulu að minnsta kosti níu félagar vera á fundi. Ræður afl atkvæða úrslitum mála.

7. gr.

Aðalfundur Akademiunnar skal haldinn ár hvert á stofndegi hennar. Skal þá kjósa forseta og varaforseta til eins árs. Ekki má endurkjósa þá næsta ár eftir. Ritari skal kosinn til fimm ára, og er hann jafnframt gjaldkeri. Þessir þrír menn fara með stjórn Akademiunnar.

8. gr.

Félagar Akademiunnar hafa rétt til að greina sem titil við nafn sitt: „félagi í Akademíu Íslands“. Sama rétt hafa þeir, sem fyrir aldurs sakir vikja úr Akademiunni.

9. gr.

Hver félagi Akademiunnar fær heiðurslaun, tólf þúsund krónur á ári, er greiðist af því fé, sem Alþingi veitir árlega til skálda og listamanna. Ekki skulu heiðurslaun þessi hindra það, að einstakir félagar Akademiunnar geti að auki notið fastra launa til ritstarfa eða rannsókna samkvæmt ákvörðun Alþingis.

10. gr.

Akademían skal jafnan hafa aðsetur í Reykjavík, og skal menntamálaráðuneytið sjá henni fyrir hæfilegu húsnæði til starfsemi sinnar án endurgjalds.

11. gr.

Akademían setur sér sjálf starfsreglur, sem menntamálaráðherra staðfestir, enda fari þær eigi í bága við lög þessi.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mörgum er nú orðið ljóst, að nauðsynlegt sé að koma á fót stofnun, er hefði það aðalhlutverk að vaka yfir þróun íslenzkrar tungu. Þessi hugmynd mun hafa fyrst komið opinberlega fram hjá Kristjáni Albertssyni rithöfundu í grein, er hann ritaði í Skírni árið 1939 um „þróun íslenzkunnar“. Varpar hann þar fram þeirri spurningu, hvort ekki sé rétt að koma á fót stofnun, sem hefði viðlíka verksvið og franska akademían, er skylt væri að vaka yfir þróun tungunnar, löggilti nýyrði, aðfengin og heimafengin, og kæmi þeim á framfæri við skóla, blöð og allan almenn-ing. Hann segir enn fremur: „Þurfum við að hika við slíkt af því, að við erum ekki stórveldi eins og Frakkar, er ekki sú ástæða nóg, að okkur hefur hlotnast sú veg-semnd að vera trúað einum fyrir merkilegri tungu, sem á stórfengleg afrek að baki sér, og að við viljum ekki láta reka á reiðanum um, hvernig fer fyrir þessari tungu.“

Þekktustu akademíur með öðrum þjóðum eru „L'Academie Francaise“, stofnuð 1816, skipuð 40 mönnum og „Svenska Akademien“, stofnuð 1786, skipuð 18 mönnum. Báðar þessar stórmerku og víðkunnu stofnanir hafa verndun, fegrun og eflinguna móðurmálsins efst á stefnuskrá sinni.

Stofnun íslenzkrar akademíu, er hafi það hlutverk, er í lögnum greinir, virðist menningarleg nauðsyn, ekki sízl vegna þróunar íslenzkrar tungu á síðari tímum. Á síðustu áratugum hafa rithöfundar og blöð æ meira horfið frá hinni algeru hreintungustefnu, sem Fjölnismenn mörkuðu og réð mjög miklu um þróun tungunnar í nærfellt heila öld. Myndun nýyrða hefur aldrei verið örari en á síðustu áratugum, en jafnframt flæðir inn í talað og ritað mál mikill fjöldi orða, erlendra og afbakaðra úr útlendum málum, og fara þau oftast mjög illa í íslenzku máli. Segja má, að tungan neyti nú í bili allra ráða, góðra og misjafnra, til þess að verða sem hæfust nútíðartunga og jafnt sem önnur mál, um að tjá hverja hugsun og nefna hvern hlut. Er því augljós hættu á því, að mörg óþörf, erlend orð og illa gerð nýyrði festist í málinu því til spillingar og lýta, ef færustu menn vinna ekki að því á skipulagsbundinn hátt að vernda og auðga málið. Verður slíkt starf að byggjast á fullum skilningi á öllum eðlilegum vaxtarmöguleikum málsins, en þó fyrst og fremst á ást og virðingu fyrir íslenzkri tungu.

Í þessari greinargerð skal ekki farið nánar út í væntanlega starfshætti Akademíunnar. Gert er ráð fyrir, að hún setji sér sjálf starfsreglur. En á það mætti benda, að eitt af því, sem Akademían ætti að heita sér fyrir, er útgáfa orðabókar alþjóðlegra orða með íslenzkum þýðingum. Á síðustu þremur áratugum hefur myndast fjöldi nýyrða, sem misjafnlega samrýmast tungunni og notuð eru gagnrýnislaust af almenningi. Mætti fyrst hefja útgáfu orðahefta til fróðleiks og athugunar, áður en tekin verður ákvörðun um, hvaða orð Akademían tekur upp í orðabók sína og mælir með, að festist í málinu. Þangað til fullkomin orðabók fyrir alþjóðleg og tæknileg orð verður gefin út, væri æskilegt, að Akademían gæfi út árlega í smærri eða stærri heftum safn af erlendum orðum og orðatiltækjum, sem fyrir koma í talmáli og ritmáli á Íslandi, með þýðingum á íslenzku. Telja má víst, að Akademíunni mundi berast efniviður í safn þetta frá mönnum, sem annar er um viðgang tungunnar. Þessar framkvæmdir kosta nokkurt fé, en telja má vafalaust, að Alþingi og einstaklingar muni veita nægilegt liðsinni til slíkra menningarframkvæmda með fjárframlögum og sjóðstofnunum.

Að því er varðar heiti þessarar stofnunar þykir rétt að halda hinu gríska heiti, sem tekið hefur verið upp í mál flestra menningarþjóða. Virðist ekki nein minnkun að taka þetta orð upp í tunguna, sem hefur tileinkað sér grísk orð, svo sem: kirkja. Orðið akademi hefur venjulega verið hvorugkyns, er það hefur verið notað í íslenzku, en þægilegra og viðkunnanlegra er, að það sé kvenkyns, eins og lagt hefur verið til af Jóni Helgasyni prófessor.

Eins og getið er hér að framan eru franska og sænska akademían skipaðar mjög fáum mönnum og bundið við ákveðna félagatölu. Hæfilegt þykir, að hér sé Akademían skipuð 12 mönnum, og er til þess ætlazt, að þeirri tölu verði aldrei breytt. Allir félagar skulu vera Íslendingar búsettir hér á landi, og er gert ráð fyrir, að þeir verði jafnan menn, sem öndvegissess skipa í íslenzkum bókmenntum og vísindum.

Um það má deila, hvornig skipa skuli Akademíuna í fyrsta sinn. Síðar eiga akademíkarar sjálfir að velja féлага sína. Að vandlega ihuguðu máli var að því horfið að leggja til, að forseti Íslands veldi sex menn, en þeir síðan kjósi sex menn, sem á vantar, að Akademían sé fullskipuð.

Hver maður, sem kosinn er til Akademíunnar, skal eiga þar sæti, þangað til hann er fullra sjötíu og fimm ára, og ekki er hægt að svipta hann þeim réttindum, nema hann fremji verknað, sem brýtur í bága við almennt siðgæði eða lög landsins. Þessi réttindi eiga að skapa kjölfestuna í starfi Akademíunnar.

Að því er varðar stjórn Akademíunnar, má geta þess, að í þeim erlendu akademíum, sem getið er að framan, er ritarinn kosinn ævilangt, en um meðstjórnendur hans er skipt á sex eða tólf mánaða fresti. Hér er lagt til, að ritarinn sé kosinn til fimm ára.

Mjög má deila um það, hvort meðlimum Akademíunnar skuli greidd árleg heiðurslaun. Margir verða vafalaust valdir, sem sinna embættum eða öðrum störfum

með fullum launum. Segja má, að slíkir menn hafi ekki sérstaka þörf fyrir heiðurslaunin. En þess er þá að gæta, að jafnan er gert ráð fyrir, að Akademiuna skipi öndvegismenn þjóðarinnar í skáldskap og vísindum. Eru slíkir menn vel verðir launanna, jafnvel þótt þeir hafi fyrir sémileg þurftarlaun. Lagt er til, að heiðurslaunin séu 12 þús. kr. á ári, en vegna þess að slík laun hrökkva skammt til framfærslu, er sett í lög, að þau skuli ekki hindra það, að einstakir félagar Akademiunnar geti að atki fengið föst laun fyrir ritstörf eða rannsóknir samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Menntamálaráðh. sendi Háskóla Íslands frv. til umsagnar. Háskólaráð svaraði í bréfi, dags. 9. des. s. l., og er svarið birt hér sem fylgiskjal. Teknar hafa verið til greina tillögur háskólaráðs um aldurstakmark og nafnbót félaga Akademiunnar.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 9. des. 1950.

Háskólaráð hefur á fundi í dag rætt um frumvarp til laga um Akademiú Íslands, er háttvirt menntamálaráðuneyti hefur sent því til umsagnar með bréfi, dags. 7. þ. m. Mælir háskólaráð með því, að sett verði á fót stofnun, eins og greinir í frumvarpinu, er hafi það meginhlutverk að rækta og varðveita íslenzka tungu. Í því skyni ætti stofnunin meðal annars:

1. að hafa yfirstjórn samningar og útgáfu vísindalegrar orðabókar íslenzkrar, er háskólinn hefur hafið, og vinna að því, að því verki skili eins greiðlega áfram og fõng eru á;
2. að láta semja samheitaorðabók;
3. að gefa út á hæfilegum fresti skrá um nýyrði, er smám saman skapast í málinu og telja má fullgild og æskileg;
4. að vinna úr málinu orð þau og setningar, er telja má, að brjóti í bág við eðlislög-mál tungunnar, og birta við og við, til viðvörðunar, skrá um bögmæli, rangar orðmyndir og setningar og rangmynduð orð, en allt þetta veður uppi í ræðu og riti, einkum í dagblöðum og í þýðingum úr erlendum málum;
5. að láta taka saman og gefa út rit um íslenzk mannanöfn;
6. að ákveða stafsetningu íslenzkrar tungu og gefa út stafsetningarorðabók og leiðarvísí um greinarmarki.

Háskólaráð bendir á, að verði stofnun sem þessi sett á laggirnar, yrði nauðsynlegt að tryggja henni stofnfé eða rekstrarfé á hverju ári.

Álitamál er, hvort aldurstakmark félaga samkv. 4. grein, sem bundið er við sjö-tugsaldur, sé ekki of lágt, því að reynslan sýnir, að þeir menn, er hafa fræði- og vísindastörf að aðalstarfi, öðlast oft betri yfirsýn með aldrinum en þeir, sem yngri eru. Þá telur háskólaráð æskilegt, að þeir, er eitt sinn hafa gerzt félagar, haldi nafnbót sinni til æviloka, þótt þeir gerist óvirkir, er þeir hafa náð tilteknun aldri.

Háskólaráð telur heppilegra, sbr. 7. gr., að forseti og varaforseti séu kosnir til 3 ára, en ekki eins, til þess að meiri festa verði í störfum, a. m. k. fyrst í stað, meðan verið er að skipuleggja starfið.

Virðingarfyllst,

Alexander Jóhannesson, rektor.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.